

## Tilkynning frá Bakkavör Group hf. til Nasdaq OMX Nordic Exchange á Íslandi

18. janúar 2010

### Bakkavör Group hf. mun óska eftir heimild til nauðasamningsumleitana í dag

#### Markmið fjárhagslegrar endurskipulagningar að greiða upp allar skuldir með vöxtum

Bakkavör Group hf. mun í dag óska eftir heimild til að leita nauðasamnings hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Kröfuhafar félagsins sem hafa yfir um 80% af skuldum félagsins að ráða hafa mælt með nauðasamningi. Nauðasamningsferlið mun engin áhrif hafa á starfsemi Bakkavarar, en á síðasta ári var gengið frá endurfjármögnun rekstrarfélaga fyrirtækisins fram til ársins 2012.

Samkvæmt framlögðum samningi munu kröfuhafar í meginatriðum fresta öllum gjalddögum lána og skráðra skuldabréfaflokka félagsins til ársins 2014 en markmiðið er að kröfuhafar félagsins muni endurheimta fullt virði krafna sinna og ekki verði um afskriftir að ræða. Heildarfjárhæð skulda móðurfélags Bakkavarar nemur um 62,5 milljörðum króna.

Liður í samningnum er að leggja til við hluthafafund að skipta hlutfé félagsins í þrjá flokka, A, B og C-flokk. Núverandi hlutfé verður í A-flokki.

Með samþykki samningsins munu allir hagsmunaaðilar njóta ávinnings af þeim árangri sem náðst hefur í rekstri félagsins í kjölfar hagræðingaraðgerða sem félagið hefur unnið að undanfarin misseri. Áætlanir félagsins gera jafnframt ráð fyrir bættri afkomu og að hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) muni aukast um 14% á ári og sala um 4% á ári til ársins 2012.

Eftirfarandi eru meginatriði nauðasamnings:

- Gengið er út frá því að kröfuhafar endurheimti fullt virði krafna sinna – ekki verður um afskriftir að ræða.
- Gert er ráð fyrir að kröfuhafar samþykki að breyta um 1% af heildarskuldum félagsins í nýtt hlutfé í B-flokki sem jafngildir 26,67% af heildarhlutfé félagsins í A og B-flokkum. Atkvæðisréttur B hluta verður þó takmarkaður við 15%.
- Gert er ráð fyrir að kröfuhafar samþykki að framlengja gjalddögum eftirstöðva skulda félagsins (um 99%) til ársins 2014 á eftirfarandi hátt:
  - 55% af eftirstöðvum skulda verða framlengdar til 30. júní 2014 með veði í tilteknum eignum félagsins. Falli lánið á gjalddaga eiga kröfuhafar rétt á að breyta því í hlutfé í A-flokki.
  - 45% af eftirstöðvum skulda verður breytt í nýtt hlutfé í C flokki (forgangshlutfé). Bakkavör er heimilt að innleysa hluti í C-flokki hvenær sem er á samningstímanum á umsömdu verði. C-hlutir munu hvorki veita rétt til arðs né atkvæða.
    - Samþykki tilskilinn meirihluti hluthafafundar hins vegar ekki útgáfu nýrra hluta í C-flokki verða eftirstöðvar ofangreindrar skuldar framlengdar til 30. júní 2014 með sömu réttindum og greint er frá í fyrri lið.
- Verði skuldir félagsins greiddar að fullu þann 30. júní 2014 og hlutir í C-flokki innleystir, eiga stofnendur félagsins, þeir Ágúst Guðmundsson, forstjóri, og Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður, rétt á að skrá sig fyrir og kaupa allt að 25% hlut í félaginu en réttur til áskriftar eykst í hlutfalli við greiðslu skulda og innlausn C hluta.

#### Ágúst Guðmundsson forstjóri Bakkavarar:

„Mikilvægum áfanga er nú náð í fjárhagslegri endurskipulagningu móðurfélags Bakkavarar. Markmiðið er að standa vörð um verðmæti fyrir kröfuhafa og hluthafa félagsins, en íslenskir lífeyrissjóðir eru þar á meðal. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður á mörkuðum tel ég að þær aðgerðir sem félagið hefur ráðist í, ásamt þeim möguleikum sem reksturinn býr yfir, muni skila bættri afkomu á komandi árum. Ég er því vongóður um að okkur takist að greiða upp allar skuldir félagsins á Íslandi með vöxtum á næstu fjórum árum.“

Frekari upplýsingar veitir:

Ásdís Ýr Pétursdóttir, samskiptasvið

Sími: 550 9715